

Fornleifaskráning í landi Sandgerðis

vegna nýs deiliskipulags suður af hafnarsvæði



Desember 2007

Katrín Gunnarsdóttir
fornleifafræðingur MA

INNGANGUR.....	2
SÖGULEGT YFIRLIT	3
SKRÁÐAR FORNLEIFAR	4
NÍÐURSTÖÐUR	10

INNGANGUR

Byggingafultrúinn í Sandgerði óskaði í nóvember 2007 eftir því við mig, Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðing, að vinna að fornleifaskráningu á landi Sandgerðis vegna nýrra byggingasvæða. Svæðið sem hér um ræðir er eitt af nokkrum svæðum sem áætlað er að deiliskipuleggja, og er fornleifaskráng þessi vegna vinnu við deiliskipulag fyrir hafnarsvæði og útivistarsvæði. Þetta er fyrsta svæðið af þremur sem skráð er í þessum áfanga.

Mörk svæðisins eru: Frá hafnarsvæðinu í Sandgerði meðfram vesturstandlengjunni, í suður meðfram landi Býjaskers. Austurhlið svæðisins takmarkast af lóðum húsa sem standa vestan við Miðtún, og Sandgerðisvegi í norður.

Þetta svæði er nokkuð slétt í landinu og kemur þar til að sandfok hefur verið mikið yfir þetta svæði í gengum tíðina. Landið liggur líka 1-2 m lægra en landið sem er austan við þar sem er gatan Miðtún og land Býjaskers.

Skráning á vettvangi fór fram 3. desember 2007.

Þessi vinna framhald af fornleifaskráningu sem ég gerði árið 2004 fyrir Sandgerðisbæ. Að höfðu samráði við Fornleifavernd ríkisins verður þessi hluti skráningarinnar lagður fram sem framhald af fyrrnefndri fornleifaskráningu, og síðan bætast við þau svæði sem fyrirhugað er að fornleifaskrá vegna nýrra byggingasvæða. Þessi skráning er því hluti af þeirri heildarskráningu sem fyrirhugað er að gera. Þegar henni er lokið verður lögð fram heildarskráning fyrir fyrirhuguð skráningarsvæði.

- Fornleifaskráningin sem gerð var árið 2004 hafði númerin 1-51 í landi Sandgerðis. Fornleifar í landi Býjaskers voru fengu númerin 1- 17.
- Þær fornleifar sem nú voru skráðar fá númerin 100-107.

Kortagrunnur vegna vinnu við fornleifaskráninguna er fenginn hjá VSÓ verkfræðistofu Borgartúni 26, Reykjavík sem er í samvinnu við Sandgerðisbæ. Allar ljósmyndir eru teknar af undirritaðri, Katrínu Gunnarsdóttur, sem einnig hefur gert allar teikningar af fornminjunum.

Myndadiskur fylgir hér með, og eru myndirnar á honum númeraðar með sömu númerum og eru í þessari skrá. Loftmynd af svæðinu fylgir einnig og fornleifar merktar inn á hann með því númeri sem þær eru í þessari skrá. Á loftmyndinni eru einnig númer á fornleifum úr skráningunni frá árinu 2004, en þau númer eru 1 – 17.

Reyni Sveinssyni, Fræðasetri Sandgerðis, eru færðar þakkir fyrir veitta aðstoð í sambandi við fornleifaskráninguna.

SÖGULEGT YFIRLIT

Í örnefnaskrá segir:

Milli Sandgerðis- og Bæjarskershverfis eru, ofan við sandinn, stórar og fallegar sléttar flatir, kallaðar **Löndin** (20). Neðri hluti Landanna var að eyðast af sjávarágangi og hreinum uppblæstri. Fyrir nokkrum árum var girt fyrir Löndin skammt fyrir ofan sjávarmál. Er þar nú að gróa upp fagurt landsvæði, en til nokkurrar óprýði eru gömlu rofin, sem upp úr standa. Vegurinn með Miðnesi liggur um Löndin; eru nú risnar upp margar fagrar byggingar báðum megin við veginn og Löndin óðum að byggjast, en þar var ekkert býli um aldamótin.¹

¹ Örnefnastofnun Gullbringa- og Kjósarsýsla -Miðneshreppur
Magnús Þórarinnsson: „Leiðir, lendingar og örnefni á Miðnesi; - Melaberg“,
Frá Suðurnesjum. Frásagnir frá liðinni tíð, Félag Suðurnesjamanna í Reykjavík, 1960, bls. 118-123.

SKRÁÐAR FORNLEIFAR

Sandgerði 191043 60 – 100



Horft til austurs yfir garðinn neðan við Bæjarsker



Horft til norð austurs, húsín við Miðtún í bakgrunni.

Hlutverk: Túngarður.

Tegund: Hleðslugarður.

Staðsetning: N: 64,01,886 V: 22,42,324

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda á fyrirhugðu skipulagssvæði og vegna fyrirhugaðrar vegagerðar um land Býjaskers.

Staðhættir: Garðurinn er vestan við lóð húsana við Miðtún 2-4, og liggur í suður meðfram landi Býjaskers.

Lýsing: Garðurinn liggur meðfram austuhlið skipulagssvæðsins á um 450 m kafla. Við vesturhlið húsanna Miðtún 2-4 er hann aðeins sýnilegur á 12 m kafla, en síðan er hann hulinn að mestu vegna jarðfyllingar sem komið hefur til við byggingu húsanna sem standa við Miðtún. Hann kemur svo aftur greinilega í ljós við Miðtún 12 sem er syðsta húsið, og er síðan mjög greinilegur neðan undan túninu á Býjaskeri. Hæð hleðslanna í garðinum er nyrst um 0.60 m en hann er allt að 1.50 m þar sem hann er hæstur. Ofan á garðinum er svo 0.40-1 m hár graskantur.

Aðrar upplýsingar: Heimildir um garðinn er ekki að finna í Örnefnaskrá, en í viðtali við Halldóru Ingibjörnsdóttir á Flankastöðum telur hún að garðhleðslan sé ævaforin.

Sandgerði 181043 60 - 101



Horft eftir garðinum til suðurs.

Hlutverk: Vörslugarður.

Tegund: Hleðslugarður.

Staðsetning: N: 64,01,916 V: 22,42,296

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda á fyrirhugðu skipulagssvæði sem er áætlað sem útvistar svæði.

Staðhættir: Garðurinn er vestan við lóðir að Miðtúni 4-6.

Lýsing: Garðurinn liggur suðvestur-norðuraustur, er um 15 m langur, og nokkuð óreglulegur í landinu. Hleðsluhæð er um 0.35 m. Garðurinn hefur trúlega verið hærri upphaflega.

Aðrar upplýsingar: Heimildir um garðinn er ekki að finna í Örnefnaskrá. Í viðtali við Halldóru Ingibjörnsdóttur á Flankastöðum sagði hún að grjót meðal annars úr þessum görðum hefði verið selt þegar framkvæmdir voru vegna hafnargerðar í Sandgerði fyrr á árum.

Sandgerði 181043 60 - 102



Horft eftir garðinum til suðurs.



Horft eftir garðinum til norðurs.

Hlutverk: Vörslugarður.

Tegund: Hleðslugarður.


Staðsetning: N: 64,01,930 V: 22,42,263

- Hættumat:** Hætta ef framkvæmdir verða á fyrirhugðu skipulagssvæði sem er áætlað sem útivistarsvæði.
- Staðhættir:** Garðurinn er vestan við lóðir að Miðtún 4-12.
- Lýsing:** Garðurinn liggur suðurveður-norðaustur, er einhlaðinn og fylgir landinu. Hleðsluhæð er um 0.30-0.40 m. Sá hluti garðsins sem er vel sýnilegur er um 30 m, en endar garðsins eru mjög óljósir. Þessi garður liggur að hluta til samhliða garði sem er um 8-9 m í norðvestur. (Sjá númer 103).
- Aðrar upplýsingar:** Heimildir um garðinn er ekki að finna í Örnefnaskrá. Í viðtali við Halldóru Ingibjörnsdóttur á Flankastöðum sagði hún að grjót meðal annars úr þessum gördum hefði verið selt þegar framkvæmdir voru vegna hafnargerð í Sandgerði fyrr á árum.

Sandgerði 181043 60 - 103



Horft yfir garðhleðslurnar til norðnorðausturs.




- Hlutverk:** Vörslugarður.
- Tegund:** Hleðslugarður.
- Staðsetning:** N: 64,01,824 V: 22,42,397
- Hættumat:** Hætta vegna framkvæmda á fyrirhugðu skipulagssvæði og vegna fyrirhugaðrar vegagerðar um land Býjaskers.
- Hættuorsök:** Framkvæmdir.
- Staðhættir:** Garðurinn er suðvestur frá húsinu við Miðtún 12, neðan við garðhleðslu, sem er lóðamörk hússins.
- Lýsing:** Garðurinn eru tveir nokkuð samhliða armar og hleðsla á milli þeirra. Garðarnir liggja suðvestur-norðaustur, og er sá sem er nær Miðtúni 12 um 18-20 m langur en hinn um 20-22 m langur. Á milli þeirra eru um 6 m, millihleðslan er um miðjan styttri arminn. Hleðsluhæð er um 0.35 m.
- Aðrar upplýsingar:** Heimildir um garðinn er ekki að finna í Örnefnaskrá. Í viðtali við Halldóru Ingibjörnsdóttur á Flankastöðum sagði hún að grjót meðal annars úr þessum gördum hefði verið selt þegar framkvæmdir voru vegna hafnargerð í Sandgerði fyrr á árum.

Sandgerði 181043 60 - 104



Horft yfir hleðslurnar til suðurs.




- Hlutverk:** Óþekkt.
Tegund: Hleðsla.
Staðsetning: N: 64,01,820 V: 22,42,401
Hættumat: Hætta vegna framkvæmda á fyrirhugðu skipulagssvæði og vegna fyrirhugaðrar vegagerðar um land Býjaskers.
Staðhættir: Hleðslan er um 60 m frá lóðamörkum suðvestur frá húsinu við Miðtún 12, og 3 m neðan við garðhleðslu sem er undan túninu á Býjaskeri.
Lýsing: Hleðslan er út frá smá grasivöxnum kanti, og eru þetta þrír steinar sem liggja í röð. Hleðslan er um 3 m á lengd og um 0.50 á breidd, hæðin um 0.45 m. Í 3-4 m í suðvestur eru tveir steinar óreglulega í landinu.

Sandgerði 181043 60 - 105




Horft yfir hleðsluna til vesturs.



- Hlutverk:** Óþekkt.
Tegund: Hleðsla.
Staðsetning: N: 64,01,935 V: 22,42,740
Hættumat: Hætta vegna göngustígs sem á að liggja þarna um skipulagssvæðið.
Staðhættir: Við suðvesturodda skipulagssvæðisins. Niður við sjávarmálið að vestan.

Lýsing: Bogadregið rými sem er afmarkað með stórum steinum sem liggja í landinu. Steinaröðin er um 12-13 m löng á mótí suðri. Steinastærð er allt að 0.80 m.

Sandgerði 181043 60 - 106



Horft til norðurs yfir hleðslurnar sem eru til hægri.

Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Hleðslur.

Staðsetning: N: 64,01,945 V: 22,42,689

Hættumat: Hætta vegna göngustígs sem á að liggja þarna um skipulagssvæðið.

Staðhættir: Hleðslurnar eru í suður, mitt á milli frá húsi sem var refabú og suðvesturodda skipulagssvæðisins.

Lýsing: Hleðsla sem er undir grasivöxnum kanti. Hleðsluhæð allt að 1 m. Hleðslan er um 10 m að lengd og 1-2 m á breidd. Út frá suður hlið hleðslunnar er smá grasivaxið veggjarbrot um 3 m á lengd og 1 m á breidd.

Sandgerði 181043 60 - 107



Horft yfir garðinn til norðurs



Horft yfir garðinn til vesturs.



Horft eftir garðinum til norðurs, frá staurunum á miðri mynd.



Horft yfir garðinn til norðus.

Sérheiti: Sandvarnargarður.

Hlutverk: Að hefta sandfok.

Tegund: Hleðsla.

Staðsetning: N: 64,01,906 V: 22,42,647

Hættumat: Þar sem garðurinn er hlaðinn árið 1936 telst hann ekki fornleif samkvæmt þjóðminjalögum.

Staðhættir: Garðurinn liggur norður-suður frá suðurhluta hafnarinnar og út á sléttlendið út frá húsinu sem einu sinni var refabú.

Lýsing: Garðurinn er um 500 m langur og all verulegur. Hleðslur garðsins eru allt að 1 m á hæð og 1 m á breidd. Þá hefur verið hlaðin utan í garðinn tvíhólfa tóft.

Aðrar upplýsingar: Heimildir um garðinn er ekki að finna í Örnefnaskrá. Í viðtali við Halldóru Ingibjörnsdóttur á Flankastöðum sagði hún að garður þessi hafi verið hlaðinn árið 1936 til að hefta sandfok yfir svæðið sem þarna er austur og suður af.

NIÐURSTÖÐUR

Sú fornleif sem ætti að huga sérstaklega að vegna fyrirhugaðra framkvæmda á skipulagsvæðinu er túngarðurinn (100) sem liggur vestan við götuna Miðtún og neðan undan landi Býjaskers. En hann er talinn vera mjög gamall. Þarna má sjá hleðslur sem væri athugandi að hlúa að, þannig að þær gætu verið hluti af því útvístarsvæði sem þarna er ráðgert.

Aðrir hleðslugarðar eða leifar af görðum sem eru á hinu fyrirhugðu útvístarsvæði (101,102, 103) eru vissulega hluti af menningarsögu staðarins, en eru ekki mjög reisulegir í umhverfinu, þar sem mest allt grjót hefur verið fjarlægð úr þeim. Þó væri athugandi að fá leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að hlaða þá að nýju og gera þá að hluta hins nýja útivistarsvæðis. Mjög óljósar hleðslur eru á vesturhluta skipulagssvæðisins (105, 106), og ekki er hægt að segja til um hvaða hlutverk þær hafa gegnt, hugsanlegt að þær séu á einhvern hátt tengdar hinum mikla sandfoksvarnargarði (107) sem reistur var árið 1936. Þó að garðurinn sé ekki enn friðaður vegna aldurs, má vel taka tillit til hans við skipulag á svæðinu, því garðurinn sýnir ótvírætt stórhug í framkvæmdum á árinu 1936.

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á.

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til“. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram.



107

107

107

107

107

106

105

107

100

101